# TILLÖGUR STJÓRNAR FÍ FASTEIGNAFÉLAGS SLHF. TIL AÐALFUNDAR FÉLAGSINS ÞANN 8. MARS 2019

## 1. Ársreikningur

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2018 verði staðfestur.

## 2. Ráðstöfun hagnaðar/taps

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að greiddur verði arður til hluthafa félagsins að fjárhæð 300 milljónir króna.

## 3. Þóknun til stjórnarmanna

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að hann samþykki að þóknanir til stjórnarmanna verði óbreyttar og að stjórnarlaun á tímabilinu frá aðalfundi FÍ fasteignafélags slhf. til næsta aðalfundar verði sem hér segir: Stjórnarformaður fær kr. 50.000 fyrir hvern setinn fund, aðrir stjórnarmenn fá kr. 25.000 fyrir hvern setinn fund og varamenn kr. 20.000 fyrir hvern setinn fund. Þó fær stjórnarformaður aldrei hærri laun en kr. 100.000 á mánuði og aðrir stjórnarmenn fá aldrei hærri laun en kr. 50.000 mánaðarlega ef stjórnarfundir verða fleiri en einn í viðeigandi mánuði.

## 4. Þóknun til fjárfestingaráðs

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að hann samþykki að þóknun til fjárfestingaráðs verði óbreytt á tímabilinu frá aðalfundi FÍ fasteignafélags slhf. til næsta aðalfundar og verði sem hér segir: Formaður fjárfestingaráðs kr. 100.000 á mánuði, aðrir ráðsmenn kr. 50.000 á mánuði og varamenn kr. 20.000 fyrir hvern setinn fund. Þó fái varamenn aldrei hærri laun mánaðarlega en ráðsmenn fjárfestingaráðs.

## 5. Framboð til stjórnar

Framboðsfrestur rennur út fimm dögum fyrir upphaf aðalfundar. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

## 6. Framboð til fjárfestingaráðs

Kosið verður um ráðsmenn fjárfestingaráðs á aðalfundi til eins árs.

## 7. Endurskoðandi

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrirtæki félagsins og að Sigríður Helga Sveinsdóttir muni annast endurskoðunina f.h. KPMG ehf.

## 8. Starfskjarastefna

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf. leggur til við aðalfund félagsins að starfskjarastefna félagsins, sem er að finna í viðauka 1 við þetta skjal, verði samþykkt.

Reykjavík, 11. mars 2019

Stjórn FÍ fasteignafélags slhf.

# VIÐAUKI 1

STARFSKJARASTEFNA FÍ FASTEIGNAFÉLAGS SLHF.